


Nr.: VKL-205	Menntaskólinn við Sund	
Útgáfa: 01		
Dags.: 25.10.2022		
Höfundar: LGJ/FDB/PS	Viðbrögð við og meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi - nemendur -	
Ábyrgðaraðili: Kennslustj.		
Samþykkt: Rektor (HSP)		
Síða 1 af 6		

1. Tilgangur

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að skýrar reglur og vönduð vinnubrögð séu viðhöfð í eineltis-, áreitni- og ofbeldismálum er upp kunna að koma í Menntaskólanum við Sund. Að brugðist sé við slíkum málum og úr þeim unnið á faglegan hátt.

2. Gildissvæði (umfang)

Verklagsreglan gildir um öll eineltis, áreitni eða ofbeldismál er varða nemendur sem upp kunna að koma í skólanum, í ferðum eða samkomum á hans vegum.

3. Hugtök

Listi yfir þau hugtök sem notuð eru í þessum kafla er að finna í Rekstrarhandbók í skjalinu INN-004 Hugtök og skilgreiningar.


4. Ábyrgð

Rektor ber ábyrgð á því að starfsmenn skólans séu upplýstir um verklagsregluna.

Konrektor ber ábyrgð á því að vinna aðgerðahóps sé í samræmi við þá ferla sem verklagsreglan lýsir.

Kennslustjóri ber ábyrgð á að kalla til aðila úr aðgerðarhópi EKKO mála þegar tilkynning berst.


Starfsfólk skólans ber ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunni.

Nr.: VKL-205	Menntaskólinn við Sund	Viðbrögð við og meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi - nemendur -	 MENNTASKÓLINN VIÐ SUND
Útgáfa: 01			
Dags.: 25.10.2022			
Höfundar: LGJ/FDB/PS			
Ábyrgðaraðili: Kennslustj.			
Síða 2 af 6			


5. Framkvæmd

Flæðirit A og B lýsa viðbrögðum við og meðferð EKKO mála sem snerta nemendur.


Flæðirit A - Viðbrögð við einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinn áreitni, ofbeldi og annarri ótilhlýðilegri háttsemi




Nánari útskýringar með flæðiriti A


Nr.: VKL-205	Menntaskólinn við Sund	 MENNTASKÓLINN VIÐ SUND
Útgáfa: 01		
Dags.: 25.10.2022		
Höfundar: LGJ/FDB/PS		
Ábyrgðaraðili: Kennslustj.		
Samþykkt: Rektor (HSP)		
Síða 3 af 6	Viðbrögð við og meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi - nemendur -	

- 1 Nemandi/starfsmaður hefur grun um, vissu, eða nemandi verður fyrir einelti, áreitni eða ofbeldi og getur þá tilkynnt eða leitað eftir trúnaðarsamtali um málið innan skólans, t.d. hjá námsráðgjafa, kennslustjóra, konrektor eða öðrum stjórnanda.
- 2 Trúnaðaraðili skal ekki tilkynna málið áfram nema að ósk eða að höfðu samráði við meintan þolanda nema um ofbeldismál sé að ræða og þolandi undir lögaldri. **Í þeim tilvikum sem ákveðið er að tilkynna er lögð rík áhersla á fagleg vinnubrögð, trúnað, að fylgja lögum og að unnið sé með málið í samráði við þolanda málsins.**
- 3 Trúnaðaraðili upplýsir kennslustjóra um málið með formlegum hætti.
- 4 Kennslustjóri skal ávallt kalla til aðila úr aðgerðarhópi til að fara yfir málið. Þeir aðilar sem vinna með málið eru kennslustjóri, konrektor og forstöðumaður námsráðgjafar (aðgerðarhópur EKKO mála). Stofna skal mál á samvinnusvæði aðgerðahóps EKKO mála á Teams. Þegar máli er lokið skal það vistað í skjalakerfi skólans undir málalykli 4.0. Við stofnun máls verður til skjalið **Skráning eineltis, áreitnis og ofbeldismála (GÁT-032)** sem skal fylla í eftir eðli máls. Allir í aðgerðarhópi hafa aðgang að skjalinu en enginn annar.
- 5 Aðgerðarhópur greinir málið og kemst að sameiginlegri niðurstöðu um hvort rétt sé að taka málið til formlegrar meðferðar eða ekki. Ath. slíkar ákvarðanir skulu ávallt teknar í samráði við meintan þolanda nema þegar um ofbeldi er að ræða og meintur þolandi undir lögaldri. Ath. áriðandi er að skrá nákvæmlega málsmeðferð í skjalið í málinu.
- 6 Ef ástæða er til aðgerða skal farið eftir flæðiriti B í **VKL-205 Viðbrögð við og meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi - nemendur.**

Nr.: VKL-205	Menntaskólinn við Sund	 MENNTASKÓLINN VIÐ SUND
Útgáfa: 01		
Dags.: 25.10.2022		
Höfundar: LGJ/FDB/PS		
Ábyrgðaraðili: Kennslustj.		
Síða 4 af 6		
Viðbrögð við og meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi - nemendur -		


Flæðirit B - Meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi



Nr.: VKL-205	Menntaskólinn við Sund	 MENNTASKÓLINN VIÐ SUND
Útgáfa: 01		
Dags.: 25.10.2022		
Höfundar: LGJ/FDB/PS		
Ábyrgðaraðili: Kennslustj.		
Samþykkt: Rektor (HSP)		
Síða 5 af 6	Viðbrögð við og meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi - nemendur -	

Nánari útskýringar með flæðiriti B

- 1) Aðgerðarhópur EKKO mála er skipaður konrektor, kennslustjóra og forstöðumanni náms- og starfsráðgjafar. Við stofnun málsins verður til málsskjalið **Skráning eineltis, áreitnis og ofbeldismála - nemendur (GÁT-032)** sem fylla skal í eftir eðli máls. Á meðan á vinnslu máls stendur er skjalið varðveitt á Teams svæði aðgerðarhóps sem hefur aðgang að skjalinu en enginn annar.
- 2) Ef annað hvort þolandi eða gerandi, eða báðir, hafa ekki náð 18 ára aldri ber aðgerðarhópi að hafa samband við forráðafólk þolanda/geranda. Einnig að meta hvort EKKO málið falli undir skyldur skólans skv. 16. gr. laga nr. 80/2002.
- 3) Kennslustjóri hefur samband við forráðafólk (og barnavernd ef við á) eins fljótt og verða má og greinir frá málavöxtum. Trúnaðarreglur eru útskýrðar. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali.
- 4) Ef það mál sem upp kemur felur í sér ofbeldi, hótun um ofbeldi, eignaspjöll eða þjófnað skal hafa samband við lögreglu eftir eðli máls.
- 5) Konrektor hefur samband við lögreglu í 112 og tilkynnir málið. Málsatvik eru í kjölfarið færð til bókar í málsskjali.
- 6) Aðgerðarhópur skipuleggur rannsókn máls. Verkefnum er úthluta til einstakra aðila í aðgerðarhópi svo sem að taka viðtöl við málsaðila og safna þannig gögnum. Upplýsingar eru færðar inn í málsskjál jafnóðum. Rannsókn máls er hætt þegar aðgerðarhópur er sammála um að 1) nægilegar upplýsingar liggja fyrir eða 2) að ekki sé hægt að afla frekari upplýsinga. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali.
- 7) Á meðan á rannsókn stendur snúa aðgerðir skólans að því að veita þolanda og meintum geranda stuðning nemendapjónustu. Eftir kostum er skipulag í skólastarfinu lagað að því að gera aðstæður málsaðila með þeim hætti að þeir geti stundað nám sitt og upplifað öryggi innan skólans. Þegar rannsókn máls er lokið tekur aðgerðarhópur ákvörðun um næstu skref, til hvaða aðgerða skuli grípa eða hvaða viðurlögum skuli beitt. Ákvörðun grundvallast meðal annars á skólareglum og landslögum. Aðgerðarhópur skal taka ákvörðun um til hvaða aðgerða skuli grípa eða hvaða viðurlögum skuli beitt svo fljótt sem kostur er og að jafnaði innan tveggja mánaða eftir ósk um meðferð máls nema sérstakar ástæður hamli. Skal þolandi þá upplýstur um ástæður tafar og hvenær vænta má ákvörðunar. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali.
- 8) Kennslustjóri, eða annar aðili aðgerðarhóps, sem tók viðtal boðar málsaðila hvern í sínu lagi til fundar og skýrir frá niðurstöðu aðgerðarhóps. Þær aðgerðir og/eða viðurlög sem ákveðin voru koma til framkvæmda. Málsatvik eru færð til bókar í málsskjali.
- 9) Aðgerðarhópur tekur afstöðu til þess hvort þörf sé á eftirfylgni og þá hverslags. Afstaða færð til bókar í málsskjali.
- 10) Verkefnum til eftirfylgdar er útteilt á meðal starfsmanna Menntaskólans við Sund og kennslustjóri fylgist með því að verkefnum sé sinnt. Málsatvik færð til bókar í málsskjali jafnóðum.
- 11) Máli lýkur þegar 1) liður 8 hefur verið framkvæmdur, og þegar það á við 2) þegar liður 10 hefur verið framkvæmdur. Aðgerðarhópur kemur sér saman um að máli sé lokið, kennslustjóri skjalavistar gögn málsins í málaskrá skólans undir málalykil 4.0.

Nr.: VKL-205	Menntaskólinn við Sund	
Útgáfa: 01		
Dags.: 25.10.2022		
Höfundar: LGJ/FDB/PS	Viðbrögð við og meðferð eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni, ofbeldis og annarrar ótilhlýðilegrar háttsemi - nemendur -	
Ábyrgðaraðili: Kennslustj.		
Samþykkt: Rektor (HSP)		
Síða 6 af 6		

6. Tilvísanir í skjöl/gögn

INN-004 Hugtök og skilgreiningar

GÁT-032 Skráning eineltis, áreitnis og ofbeldismála - nemendur

7. Skjalavistun/varðveisla

Skrár sem verða til við vinnslu EKKO mála sem tengjast nemendum eru vistaðar á Teams svæði aðgerðahóps EKKO mála á meðan á vinnslu máls standur. Við lokun máls í rafrænni skjalaskrá skólans undir málalykli 4.1.